

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, tónlistarhús, ráðstefnumiðstöð og hótél við Austurhöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Hluti hafnarsvæðis (HA3) verður hluti miðborgar (M1).
- Í yfirliti í greinargerð I yfir helstu atvinnusvæði er Austurhafnarsvæðið (P11) skilgreint sérstaklega en ekki sem hluti af miðborgarsvæði (P1). Gert er ráð fyrir 90.000 m² byggingarmagni í P11 en á svæði P1 er gert ráð fyrir 100.000 m² byggingarmagni í stað 140.000 m².
- Á korti yfir skilgreind götusvæði í greinargerð III er „Reykjastræti“, gönguás frá Austurhöfn að Hafnarstræti, skilgreint sem götusvæði í miðborgarkjarna.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. maí 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.